

Reykjavík, 14. ágúst 2015

Niðurstaða athugunar á aðskilnaði starfssviða hjá Íslenskum verðbréfum hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á aðskilnaði starfssviða hjá Íslenskum verðbréfum hf. á fyrri hluta árs 2015. Markmið athugunarinnar var að kanna hvort aðskilnaður starfssviða hjá félaginu væri í samræmi við kröfur 8. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti og 4. þáttar reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, sem Fjármálaeftirlitið hefur útfært nánar í leiðbeinandi tilmælum nr. 4/2014 um aðskilnað starfssviða. Athugunin beindist að aðskilnaði starfssviða í húsnæði félagsins, aðskilnaði í stjórnun og aðskilnaði gagna. Að auki voru reglur, stefnur og önnur skjöl félagsins þessu tengd skoðuð. Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í júní 2015.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að reglur félagsins báru það ekki með sér að hafa verið endurskoðaðar til samræmis við ný leiðbeinandi tilmæli um aðskilnað starfssviða nr. 4/2014. Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að reglur félagsins um aðskilnað starfssviða væru ófullnægjandi þar sem ákvæði skorti um reglubundna rýni aðgangstakmarkana, og að reglur og stefnur félagsins hefðu borist eftirlitinu ýmist ódagsettar og/eða óundirritaðar.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að starfssvæði var ólæst, þegar athugunin átti sér stað, sem samkvæmt kröfum um aðskilnað starfssviða átti að vera læst. Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við miðlæga útprentun gagna án aðgangstakmarkana. Jafnframt gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við staðsetningu starfsstöðvar framkvæmdastjóra félagsins í rými eignastýringar og að forstöðumaður eignastýringar gegndi einnig starfi aðstoðarframkvæmdastjóra hjá félaginu. Þá gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við ófullnægjandi skrá yfir flutning starfsmanna á milli sviða.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að starfsmaður hefði ekki verið tekinn út úr hópnetfangi eftir flutning á milli sviða. Að lokum gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við að á opnu sameiginlegu drifi félagsins væri mappa tiltekins starfssviðs aðgengileg öðrum starfssviðum.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að Íslensk verðbréf hf. gerði viðeigandi úrbætur vegna athugasemdanna. Óskað var eftir því að innri endurskoðandi framkvæmdi úttekt á úrbótunum og skilaði Fjármálaeftirlitinu greinargerð í síðasta lagi þann 15. október 2015.